

# Starfsleyfi

**Tempra ehf.**

Kt. 600900 - 2180

Leyfi til að starfrækja: **Framleiðsla á umbúðarplast vegna matvæla**

Aðsetur starfsemi: **Íshella 8, Hafnarfirði**

Heilbrigðisnefnd Hafnarfjarðar- og Kópavogssvæðis veitir leyfi samkvæmt ákvæðum 6. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir.

**Leyfið gildir frá 1. mars 2021 til 28. febrúar 2033**

Leyfið er endurskoðað og endurútfært með skilyrðum um að ákvæðum gildandi laga og reglugerða um hollustuhætti og mengunarvarnamál hverju sinni sé fylgt.

## Gildissvið

Leyfið tekur til plastvinnslu sbr. ákvæði 9. gr. reglugerðar nr. 550/2018 *um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit*, með síðari breytingum, sbr. og lið 3.11 um vinnslu með plast- og frauðefni í viðauka X við sömu reglugerð.

## Almennar kröfur

Við reksturinn ber að fylgja ákvæðum sem fram koma í:

- IV. kafla reglugerðar um hollustuhætti nr. 941/2002 er fjallar um húsnæði og lóðir,
- III. kafla reglugerðar um meðhöndlun úrgangs nr. 737/2003, þar sem fjallað er um að draga úr myndun alls úrgangs, meðferð, geymslu og flutning hans í söfnunar- og móttökustöðvar til förgunar ásamt þrifnað lóðar,
- Ákvæðum í auglýsingu nr. 582/2000 um almenn skilyrði vegna mengunarvarna.

## Kröfur til gæða matvælaumbúða

Umbúðir, sem ætlað er að vera í snertingu við matvæli, skulu uppfylla ákvæði V. kafla laga um matvæli nr. 93/1995 og reglugerða settum á grundvelli þeirra laga.

## Eftirlit

Um eftirlit fer samkvæmt ákvæðum X. kafla reglugerðar um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit nr. 550/2018. Eftirlitsgjöld verða innheimt samkvæmt ákvæðum ofangreindra laga um hollustuhætti og mengunarvarnir.

Eintök af starfsleyfisskilyrðum skulu ávallt tiltæk á vinnustað. Heilbrigðisnefnd getur endurskoðað starfsleyfisskilyrðin ef í ljós koma annmarkar á framkvæmd þeirra eða skaðleg áhrif á umhverfi sem ekki voru ljós fyrir. Sama gildir ef fram koma almennar kröfur eða ný tækni er leiðir til bættra mengunarvarna.

Starfsleyfið er bundið kennitölu og ofangreindu aðsetri starfseminnar. Við flutning fyrirtækisins fellur leyfið úr gildi. Rekstraraðila ber að veita heilbrigðisnefnd upplýsingar um fyrirhugaðar breytingar á starfsemi sem varðað geta ákvæði starfsleyfis með hæfilegum fyrirvara. Taki nýr rekstraraðili við starfsemi er heimilt að fenginni umsókn, að færa starfsleyfið á nýjan rekstraraðila enda verði engin önnur breyting á starfsemi.

**Heilbrigðisnefnd Hafnarfjarðar- og Kópavogssvæðis**

**Garðabær 4. maí 2021**

